

Í ljósi fyrirbyggjandi tillagna sem lagðar eru fram til afgreiðslu í bæjarráði er þess óskað að eftirfarandi upplýsingar verði veittar skriflega áður en viðaukinn og aðgerðaáætlunin verða afgreidd, svo unnt sé að meta áhrif, forsendur og réttmæti hvernar aðgerðar fyrir sig. Margir liðir eru fjárhagslega umfangsmiklir án þess að útfærsla eða forsendur séu nægjanlega skýrar.

1. Sumarnámskeið – tekjuaukning

- Hver er forsendan fyrir því að gert er ráð fyrir auknum tekjum um samtals 3,75 m.kr.?
- Er gert ráð fyrir fjölgun þátttakenda eða breytingu á fjölda námskeiða sem verða í boði? Ef svo er með hvaða hætti?
- Stendur til að hækka námskeiðsgjöld? Ef svo er, um hve mikið og við hvaða námskeið á hækkan?

2. Endurskoðun ökutækjastyrkja

- Hvað felst í endurskoðun á reglum um ökutækjastyrki (áætlaður sparnaður: 11 m.kr.)?
- Hvaða starfsmenn er um að ræða og hver er heimild þeirra fyrir akstursgreiðslum í dag og hvernig er lagt til að hún breytist?
- Fá viðkomandi starfsmenn greitt skv. akstursdagbók eða fasta upphæð á mánuði?
- Hver er rökstuðningurinn fyrir þeim breytingum?

3. Launaáætlun leik- og grunnskóla

- Hvaða forsendur liggja að baki lækkun yfirvinnukostnaðar í leikskólum um 50,2 m.kr. og nemendafjöldabreytinga um 53 m.kr. í grunnskólum?
- Hvaða störfum sinnir það starfsfólk sem verður fyrir launaskerðingu vegna þessara breytinga?

4. Sumarvinna og sumarstörf

- Gert er ráð fyrir lækkun útgjalda vegna vinnuskóla um 30 m.kr. – hvaða breytingar búa þar að baki?

5. Rekstur stofnana og hagræðing

- Lagt er til að skoða sölu eigna. Um hvaða eignir er að ræða?

8. Aðkeypt þjónusta

- Hvaða aðkeypta þjónusta verður skorin niður (20 m.kr.)?
- Hvernig er tryggt að sú þjónusta falli ekki með neikvæðum áhrifum á þjónustu við íbúa?

9. Lækkun styrkja bæjarráðs og frístundastyrkja

- Hvaða hagræðing felst í því að endurskoða áætlun vegna frístundastyrkja til lækkunar?